

34

4. gr.

Vextir, sem bogast út, skulu ganga til styrktar gamalmennahælis í Seyðisfirði á Austfjörðum, ef það verður komið upp, er vextir byrja að greiðast út. Annars til styrktar gamalmennahæli í Norður-Múlasýslu. Vextirnir greiðast til stjórnar þess hælís, er styrksins á að njóta. Komist hvorugt hælið upp eða leggist niður, skulu allir vextir leggjast við, til þess er sjóðurinn er orðinn 24000 kr.

5. gr.

Komist gamalmennahælið ekki upp eða leggist niður, skal bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og sýslunefnd Norður-Múlasýslu kveða á, hvernig vöxtunum skuli varið, er útborgast eiga, og skal þá Söfnunar-sjóðurinn greiða þeim vextina, er þær tilnefna.

Reykjavík, 1. mars 1927.

Björn Þorláksson.

35

29. mars

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns biskups Vídalíns, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. mars 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um

Minningarsjóð Jóns biskups Vídalíns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Jóns biskups Vídalíns“, og var myndaður 1921 með 570,10 kr., og hefir síðan ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins, og er í dag orðinn 772,86 kr.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast áfram á sama stað, þannig, að allir vextir leggist við til ársloka 1964.

3. gr.

Úr því skal aðeins $\frac{1}{4}$ vaxta leggjast við sjóðinn, en $\frac{3}{4}$ greiðast árlega 21. mars, og í fyrsta skifti 1966, til stjórnar guðfræðiseildar

háskóla Íslands, og skal stjórn guðfræðisdeildarinnar þá hafa sett reglur fyrir hvernig vöxtunum skuli verja, svo að best megi sæma minningu biskupsins. 35
29. mars

Reykjavík, 7. mars 1927.

Björn Þorláksson.

SAMÞYKT

um

36
1. apríl

sýsluvegin, Línakradalsveg og sýslu og hreppavegi í Vesturhópi.

1. gr.

Vegir þeir er samþykkt þessi nær til eru:

1. *Línakradalsvegur* frá Þjóðveginum hjá Vatnshorni út hlíðina neðan við Þóreyjarnúp og Hörgshól, undir Björgum að Reyðarlæk, þar sem hann rennur í Vesturhópsvatn.
2. *Vesturhópsvegur* frá Vesturhópsvatni út sveitina um Þverá, Vesturhópshóla og Lambhúsvík að Krossanesi.
3. *Vatnsnesbæjarvegur* frá Krossanesi fyrir Háusnös og að hreppsmörkum vestur yfir Tjarnará.
4. *Ásbæjarvegur* af Vesturhópsvegi frá Vesturhópsvatnsenda að hreppsan, austur á Ásabæi.

Línakradals og Vesturhópsvegur teljast sýsluvegir en Vatnsness og Ásabæjarvegur hreppavegir.

2. gr.

Vegir þeir, sem taldir eru í 1. gr. skulu gerðir akfærir svo fljótt sem fje fæst til vegagjörðarinnar.

Skal breidd vega og gerð ákveðast eftir tillögum vegamálastjóra.

Vegi þá sem samþykktin nær til, skal leggja í þeirri röð, sem stjórn vegafjelagsins ákveður í samráði við vegamálastjóra.

3. gr.

Þriðjung af kostnaði þeim, sem ekki fæst úr ríkissjóði, greiðir sýslusjóður Vestur-Húnavatnssýslu. Árlegt tillag úr sýslusjóði skal þó aldrei fara fram úr 1300 kr., nema samþykki sýslunefndar komi til í hvert skifti, og árlegt niðurjafnað gjald á samþyktarsvæðinu skal aldrei fara fram úr kr. 2700,00.